



# Atvinnumál

## Samþykkt fyrir atvinnu- og ferðamálanefnd

### 1. grein

Atvinnu- og ferðamálanefnd er tengiliður sveitarstjórnar og atvinnulífs. Atvinnumálanefnd fjallar um atvinnu- og ferðamál á Vopnafirði í umboði sveitarstjórnar að svo miklu leyti sem sveitarstjórn lætur þau til sín taka og eftir því sem kveðið er á um í samþykktum þessum.

### 2. grein

Atvinnu- og ferðamálanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af sveitarstjórn. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

### 3. grein

#### Helstu verkefni atvinnu- og ferðamálanefndar eru:

- A. Að stuðla að því að aðstæður til reksturs fyrirtækja á Vopnafirði séu eins og best gerist á hverjum tíma.
- B. Að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf á Vopnafirði, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum sveitarfélagsins og taka þátt í umræðu um atvinnumál að hálfu þess.
- C. Að greina leiðir til að efla atvinnulíf á Vopnafirði og auka samkeppnishæfni þess. Í þessu skyni hefur atvinnumálanefnd á hendi mótun stefnu í atvinnumálum fyrir sveitarfélagið og forgangsröðun þeirra aðgerða sem nefndin telur brýnust á hverjum tíma. Nefndin hefur umsjón með framkvæmd stefnu og verkefnum stefnumótunar í atvinnumálum, svo sem *Vaxtarsamningur Austurlands* o. fl.
- D. Nefndin hefur hlutverki að gegna varðandi mótun stuðningsumhverfis atvinnulífs á Vopnafirði. Í þessu skyni hefur nefndin virkt samstarf við Þróunarfélag Austurlands, aðra stuðningsaðila atvinnulífsins, svo og mennta- og rannsóknarstofnanir.

- E. Að stuðla að samstarfi fyrirtækja á Vopnafirði og samvinnu atvinnulífs og opinberra aðila með virkum samskiptum og upplýsingamiðlun. Samráðsfundir með fulltrúum atvinnulífsins og samstarf um árlegt endurmat stefnu í atvinnumálum miða einnig að þessu marki.
- F. Stuðla að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins.
- G. Að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, t. d. með veitingu viðurkenningar, sem nefndin metur hverju sinni.
- H. Önnur þau verkefni sem nefndin telur að efli atvinnulíf á Vopnafirði.
- I. Nefndin vinnur að eflingu ferðamannþjónustu og annast kynningu á Vopnafjarðarhreppi sem ferðamannastað.
- J. Leitar samráðs við aðila innan sveitarfélagsins í ferðamálum og utan þess.

#### **4. grein**

Sérstakur starfsmaður ráðinn af sveitarstjórn vinnur með atvinnumálanefnd og heldur utan um fundagerðir og ákvarðanir nefndarinnar. Að öðru leyti kunna að vera ráðnir starfsmenn og/eða verktakar eftir því sem þörf er á skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

---

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.